

Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um skatttekjur og skatteftirlit vegna stofnunar einkahlutafélaga.

Frá Jónönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða breytingar hafa orðið árlega frá árinu 2001 til 2003 (áætlun) á skatttekjum ríkis- sjóðs annars vegar og sveitarfélaga hins vegar, á verðlagi 2003, vegna breytinga á einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélög?
2. Hvert er skattalegt hagræði af breytingu á einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélag?
3. Hvert er mat skattyfirvalda á því að framfylgja skatteftirliti með breytingu á einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélag?

Skriflegt svar óskast.